

Ályktun frá fulltrúaráði SAMFOK



SAMFOK

Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík

35 ára

1983 - 2018

Reykjavík 29.11.2018

Fulltrúaráð SAMFOK tekur heilshugar undir með [Læknafélagi Íslands](#) og hvetur til þess að núverandi fyrirkomulag á sölu rafsígarettna verði endurskoðað. Rafsígarettur voru hugsaðar til að hjálpa fólki að hætta að reykja en nú sýna rannsóknir að fleiri nemendur í unglingadeild hafa prufað að veipa en árin á undan.

Ekki er vitað að fullu hverjar langtíma afleiðingar þess að veipa eru og telur fulltrúaráð SAMFOK mikilvægt að börnin njóti vafans. Markaðssetning þessara vara virðist oft beint að ungu fólki, umbúðirnar eru skrautlegar og bragðefnið líkist sælgæti. Sölustaðir eru þar að auki margir og oft nálægt grunnskólum og aðgengi barna að þessum vörum er mjög einfalt.

Fulltrúaráðið telur því mikilvægt að gengið sé eins langt og hægt er til að koma í veg fyrir aðgengi barna og unglunga að rafsígarettum.

Fyrir hönd fulltrúaráðs SAMFOK,

Sigríður Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri SAMFOK

Áslaug Eggertsdóttir, formaður foreldrafélags Vættaskóla og stjórn SAMFOK

Þórunn Steindórsdóttir, formaður foreldrafélags Laugalækjarskóla og stjórn SAMFOK

Maria Sastre, stjórn SAMFOK

Guðlaug Karlsdóttir, fulltrúi foreldra í skólaráði Foldaskóla og stjórn SAMFOK

Hrefna Björk Jóhannsdóttir, fulltrúi foreldra í skólaráði Húsaskóla og stjórn SAMFOK

Gróa Másdóttir, fulltrúi foreldra í skólaráði Háteigsskóla